

Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar þriðjudaginn 16. desember 2008 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Hilmar Steindórsson, Hildur Sigurðardóttir

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Hildur Sigurðardóttir, Árni Davíð Haraldsson, Sigurður Ragnar Kristínsson, Þórir Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Aðalbjörn Amarsson, Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóri og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Oddviti óskaði eftir heimild fundarins til að bæta við áðursenda dagskrá eftirtöldum lið undir fyrsta dagskrálið:

- Íþróttá- og tómstundanefnd 16.12.08

Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 24.11.08 (*Lögð fram*)
- Hreppsnefnd 25.11.08 (*Lögð fram*)
- Hreppsnefnd 04.12.08 (*Lögð fram*)
- Hreppsnefnd 08.12.08 (*Lögð fram*)
- Atvinnumálanefnd 04.12.08 (*Lögð fram*)
- Íþróttá- og tómstundanefnd 05.12.08 (*Lögð fram*)
- Íþróttá- og tómstundanefnd 09.12.08 (*Lögð fram*)
- Íþróttá- og tómstundanefnd 10.12.08 (*Lögð fram*)
- Íþróttá- og tómstundanefnd 15.12.08 (*Lögð fram*)
- Íþróttá- og tómstundanefnd 16.12.08

Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Halldóru Gunnarsdóttur um starf æskulýðs- og menningarfulltrúa Langanesbyggðar. Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Fræðslu- og menningarnefnd 11.12.08

Sveitarstjóra falið að vinna samanburð á kostnaði við númerandi fyrirkomulag afleysingarkennslu og fastráðins afleysingakennara í hlutastarfi. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn tekur, á þessu stigi, ekki afstöðu til sérstakra sparnaðarhugmynda í rekstri fræðslumála sveitarfélagsins. Slikt verður tekið til umfjöllunar í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáetlunar 2009. Samþykkt samhljóða.

Lögð er þó áhersla á þá stefnu sveitarfélagsins að fram fari tónlistarkennsla í sveitarféluginu og er lögð þung áhersla á áframhaldandi leit að tónlistarkennara við tónlistaskólann. Samþykkt með sex atkvæðum.

Sveitarstjórn óskar eftir því við fræðslu- og menningarnefnd að hún endurskoði afstöðu sína til menningarhlutverks nefndarinnar, m.a. í ljósi þess að nýr starfsmaður mun væntanlegur til starfa í þessum málaflokki. Samþykkt fimm atkvæðum.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Eyþing 27.11.08 (*Lögð fram*)
- Eyþing 08.12.08 (*Lögð fram*)

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum frá síðasta regluglegum fundi hreppsnefndar og verkefnum sem framundan eru auk þess að svara spurningum frá fulltrúum í hreppsnefnd.

Fram kom tillaga um að umhverfis-, skipulags- og bygginganeftir yrði, ásamt sveitarstjóra, farið að skipuleggja og boða til íbúafundar um aðalskipulagsgerð í Langanesbyggð. Stefnt skal að því að halda slíkan fund i janúar 2009. Tillagan samþykkt samhljóða.

Einnig gerði sveitarstjóri grein fyrir heimild til hækunar útsvars úr 13,03% í 13,28% og að sum af framlögum Jöfnunarsjóðs muni verða háð því að sveitarfélög nýti sér heimild til að leggja á hámarksútsvar. Samþykkt samhljóða að útsvarsprósenta fyrir árið 2009 verði 13,28%.

4. Innsend erindi.

Til kynningar:

- Stefán Eggertsson – Innlegg í fjallskilaumræðu og búskap á Strönd. Sveitarstjóra farið að þakka Stefáni ábendingar hans jafnframt sem samþykkt var að óska eftir umsögn Landbúnaðarnefndar um þær.
- Yrkjusjóður – Kynning á starfi sjóðsins. Erindinu vísað til skólastjóra grunnskólanna til kynningar.
- Menntamálaráðuneytið – Úttekt á listfræðslu á Íslandi. (*Lagt fram*)
- ÍSÍ – Skýrsla vinnuhóps um áhrif efnahagsástandsins á íþróttahreyfinguna. Erindinu vísað til íþrótta- og tómstundanefndar til kynningar.
- Samgönguráðuneytið – Staðfesting á samþykkt um stjórn og fundarsköl Langanesbyggðar. (*Lagt fram*)
- Samgönguráðuneytið – Úthlutun 250 millj. kr. til sveitarfélaga vegna tímabundins niðurskurðar í aflamarki þorsks. (*Lagt fram*)

Til afgreiðslu:

- Norðurþing, skipulags- og byggingarfulltrúi – Hús að Stórholti 3. Sveitarstjóri lagði til að farið yrði að tillögu 1 í bréfi byggingafulltrúa, þ.e. skrá húsið að Stórholti 3 inn í fasteignaskrá í samræmi við framlagðar teikningar sem eina fasteign í samræmi við þinglýstar eignarheimildir. Samþykkt samhljóða.
- Snorraverkefnið – Stuðningsumsókn vegna sumarsins 2009. Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.
- Stigamót – Fjárbeiðni vegna 2009. Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar 2009.
- Águst Guðröðarson – Sala íbúðarhúss á Sauðanesi (presthúss) til ábúenda. Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að munnlegt erindi hafi borist frá Ágústi Guðröðarsyni, ábúanda að Sauðanesi, þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarfélagsins við áform hans um að eignast íbúðarhúsið (presthús, byggt 1958) á Sauðanesi.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir yfir stuðningi við að Ágúst eignist umrædda eign enda standi til, af hans hálfu, að fara í gagngerar endurbætur á húsinu og umhverfi þess. Hreppsnefnd væntir þess að stjórnvöld sýni málinu skilning.



- Íbúðaláanasjóður – Söлutilboð á Bæjarási 5 og 7 ásamt matsverði.
Samþykkt samhljóða að vísa tillögugerð varðandi Bæjarás 5 og 7 til vinnslu og afgreiðslu í tengslum við fjárhagsáætlun 2009.
- Sigurður Magnússon – Fyrirspurn vegna starfs hjúkrunarfræðings.
Sveitarstjóra falið að taka málid upp við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og í stjórn Nausts. Hreppsnefnd Langanesbyggðar ítrekar fyrri ályktanir varðandi mikilvægi þess að starfandi hjúkrunarfræðingur á Þórshöfn verði einnig búsettur þar. Í ljósi fyrri ályktana hreppsnefndar varðandi starfsemi stofnunarinnar á Þórshöfn er sveitarstjóra falið að fara fram á það við forsvarsmenn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga að viðkomandi komi til fundar með hreppsnefnd Langanesbyggðar í byrjun janúar 2009. Samþykkt samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun 2009.

Vegna óskar um frestun á skilum fjárhagsáætlunar til-loka janúar 2009 eru sveitarstjóra heimiluð nauðsynleg fjárlát í janúar 2009 og skulu þau vera innan þess ramma er gildandi þriggja ára fjárhagsáætlun sveitarfélagsins Langanesbyggðar markar. Samþykkt samhljóða.

6. Samningur um verslunarhúsnæði á Bakkaflröi.

Sveitarstjóra veitt umboð til að undirrita, fyrir hönd sveitarfélagsins, framlagðan húsaleigusamning um verslunarhúsnæði sveitarfélagsins að Hafnartanga 4, Bakkaflröi, við Mónakó s/f, kt. 571085 – 1869. Leigusamningur er tímabundinn til fimm ára með árlegum endurskoðunarákvæðum. Leigusamningurinn er uppsejanlegur, af beggja hálfu, með fjögurra mánaða fyrirvara. Samþykkt samhljóða.

7. Nefndir og ráð á vegum Langanesbyggðar

- Skipan þriggja aðalmanna og þriggja varamanna í húsnæðisnefnd
Fram kom tillaga um Axel Gunnarsson, Pórir Jónsson og Sigurður Ragnar Kristinsson sem aðalmenn i Húsnæðisnefnd Langanesbyggðar og Jóhanna Helgadóttir, Agnar Jónsson og Hilma Steinarsdóttir sem varamenn. Samþykkt samhljóða.
- Erindisbréf fyrir Landbúnaðarnefnd.
Sveitarstjóri lagði fram drög að erindisbréfi fyrir landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar og gerði grein fyrir málum. Fyrirliggjandi drög að erindisbréfi fyrir landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar samþykkt samhljóða.

8. Húsnæðismál á Þórshöfn.

Ýmsar hugmyndir varðandi húsnæðismál á Þórshöfn ræddar. Framkomnum hugmyndum vísað til næsta hreppsnefndarfundar og fjárhagsáætlunargerðar vegna 2009. Samþykkt samhljóða.

9. Þjónustumíðstöð.

Sigurður Ragnar Kristinsson lagði eftirfarandi tillögu fram:

„Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Vegagerð á grundvelli samningsdrága nr. 4 og framkominna athugasemda við þau. Jafnframt er sveitarstjóra heimilað að kalla til sérfræðiaðstoð eftir þörfum við samningsgerðina. Samningurinn skal lagður fyrir sveitarstjórn sem fyrst með það að markmiði að þjónustumíðstöð taki til starfa á miðju ári 2009“.

Sigurður Ragnar Kristinsson lagði einnig fram tillögu um að kosið yrði um hæfi Þóris Jónsonar til að taka þátt í afgreiðslu málsins. Vanhæfistillaga borin upp til atkvæða og felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Fyrri tillaga Sigurðar Ragnars borin til atkvæða og felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Oddviti lagði til að umræðu um þjónustumíðstöð yrði frestað um óákveðinn tíma. Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Eftirfarandi bókun var lögð fram af Sigurði Ragnari Kristinssyni fyrir hönd O-listans:
„Við lýsum yfir sárum vonbrigðum með fordæmalaus vinnubrögð meirihluta sveitarstjórnar í þessu máli.
Síðastliðin fimm ár hefur verið unnið að stofnun þjónustumiðstöðvar, þar af í tær tvö ár í umboði
núverandi meirihluta án þess að nokkrar tillögur hafi komið fram um að hætta við þjónustumiðstöðina. Að
sópa málinu af borðinu á þessum tímabundi rýrir augljóslega trúverðugleika sveitarstjórnar og er að
okkar mati ámælisvert að eyða tíma sveitarstjóra og -stjórnar í vinmu og fundarhöld vegna þessa ef hugur
fylgir ekki mál“.

Fundargerð og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:35

Siggeði S.
Þórir Þ.
Hilma Steinarsdóttir
Jóhanna Þelgad.
Ari Þórir Þórsson
Sigurður Þórhúsason
Ólafur Þórsson